

**Stjórnarfundur Félags Háskólakennara á Akureyri**  
**Fimmtudaginn 8. maí 2008 kl 11-13:00**

Mætt: Þórir Sigurðsson, Finnur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Hafdís Skúladóttir og Páll Björnsson, Giorgio Baruchello. Einnig komu á fundinn Sólveig Ása Árnadóttir og Helgi Gestsson.

**1. Rannsóknaleyfi og Háskólaráð.**

Sólveig Ása Árnadóttir, fulltrúi kennara í háskólaráði, mætti á fundinn. Ræddar voru niðurstöður á afgreiðslu umsókna um rannsóknaleyfi þar sem 16 gildar umsóknir lágu fyrir og einungis 8 umsóknir voru samþykktar og kom meirihluti þeirra sem samþykktar voru frá félagi prófessora. Umræða var um málið út frá markmiðum skólans um fjölgun starfsfólks með doktorsprófs og rannsóknarsamnings sem kveður á um fjölgun birtinga í viðurkenndum fagtímaritum. Ekki er nógu skýrt hvernig peningum skal ráðstafað til að hægt sé að uppfylla samninginn. Tillaga kom um að gera úttekt á raunverulegum kostnaði við rannsóknaleyfi. Reglur gera nýliðum erfitt fyrir að sækja um rannsóknaleyfi. Kjartan mun mæta á samráðsfund þar sem þetta verður rætt frekar. Ákveðið verður í framhaldi af því hver viðbrögð FHA verða. Sólveig Ása vék af fundi.

**2. Námssjóður**

Umsóknarfrestur verður auglýstur til 31. maí n.k. Ræddar voru nauðsynlegar breytingar á námssjóði þar sem fáar umsóknir berast. Verða þær lagðar fyrir á aðalfundi í maí n.k.

**3. Framhaldsaðalfundur BHM 16. maí 2008**

Helgi Gestsson mætti á fyrri hluta aðalfundar og mun mæta á framhaldsaðalfund. Þórir mun einnig mæta. Annað hvort Kjartan eða Hjördís munu fara. Leyfi er fyrir 1-3 fulltrúum.

**4. Prófessorar**

Prófessorar hafa fengið samningsrétt og munu ganga úr FHA. Farið verður í að endurgreiða þeim félagsgjöld.

**5. Kjarasamningur**

Helgi Gestsson mætti á fundinn og dreifði tilboði samninganefndar FHA og kynnti stöðuna í samningamálum. Ekkert er frágengið ennþá. Tilboðið tekur m.a. mið af nýlegum samningum grunnskólakennara.

**6. Árshátíð HA 30. apríl.**

Árshátíð gekk vel en mæting var dræm.

**7. Frumvarp til laga um opinbera háskóla.**

Félagsfundurinn 5. maí s.l. með rektor þar sem frumvarp til laga um opinbera háskóla var rætt, tókst vel. Þórir dreifði umsögn sem hann gerði í framhaldi af þeim fundi og mun senda til Nefndasviðs Alþingis í nafni FHA.

**8. Undirbúningur aðalfundar 28. maí.**

Endurnýja þarf stjórn FHA og nefndir á vegum félagsins og fara yfir reikninga. Kjósa verður nýjan formann og mun Þórir ekki gefa kost á sér áfram. Þar sem fundargerð aðalfundar frá því í fyrra hefur verið aðgengileg á heimasíðunni í heilt ár þá verður sendur tölvupóstur og félagsmenn beðnir að senda inn athugasemdir og tillögur sem verða teknar undir önnur mál.

Fundi slitið kl 13:00

Hafdís Skúladóttir ritaði fundargerð